

Til: Sveitarstjórnar Flóahrepps
b.t. sveitarstjóra, Huldu Kristjánsdóttur

EFNI: Ósk eigenda Lofstaða-Vestri um samstarf og þátttöku sveitarstjórnar Flóahrepps í kostnaði vegna fyrirhugaðra fornleifarannsóknna á og við Lofstaðahól.

Nú þegar nýtt deiliskipulag fyrir Lofstaði-Vestri hefur að endingu verið samþykkt, höfum við loks elju til að fylgja eftir áhuga okkar á eldri sögu jarðarinnar og fornminjum, sem þar er að finna. – Það var einmitt þegar Minjastofnun gerði athugasemdir við deiliskipulagslöguna um að byggingarreitir væru á nokkrum stöðum staðsettir þar sem fyrir væru skráðar minjar, að við förum að lesa okkur enn meira til um söguna. Við kynntum okkar m.a. skýrsluna „Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi: Áfangaskýrsla IV“ sem okkur skilt að hafi verið unnin fyrir tilstilli Flóahrepps. Af skýrslunni er ljóst að fornminjar er að finna um alla jörðina – þar með talið hleðslur sjóbúða vitt og breytt á Lofstaðasandi og – hól. Þær minjar einar og sér vitna um þá miklu sjósókn bænda sem var frá Lofstsstöðum áratugum saman og lagðist ekki endanlega af fyrr en um 1950. – Saga þessarar sjósóknar frá nánast hafnarlausu Suðurlandi hefur hvorki enn ekki verið skráð nema að mjög litlu leyti – né nægur gaumur gefinn.

Áhugi okkar hefur þó verið hvað mestur á sögu Lofstaðahólsins, en um tilurð hans er í heimildum að finna ýmsar geggátur. Almennt er því hafnað að hann hafi orðið til við eldsumbrot / hraunfæði og því gjarnan haldið fram að hann hljóti að vera manngerður. Jafnvel að Galdra-Ögmundur hafi látið hlaða hólinn til að fylgjast með og halda frá „Tyrkjunum“ sem herjuðu á landið 1627.

Það var fyrst þegar við settum okkur í samband við fornleifafræðing við Fornleifastofnun Íslands, Ragnheiði Glö, sem var m.a. ritstjóri skýrslunnar um fornleifar í Flóahreppi, að við heyrðum líklegustu skýringuna á því hverning hólinn hefði myndast. Það er að hann hefði byggst upp af mannvistaleifum ofan á mannvistaleifar allt frá landnámi – landnámi Lofts hins gamla.

Í skýrslunni segir m.a. upp úr heimildum um Lofstaðahólinn „... mjög stór stök hæð niður við sjó, þar sem Loftur hinn gamli byggði bæ sinn fyrst, en lét síðan öðrum eftir. Síðan hefur Lofstaðabærinn verið færður lengra upp frá sjönun. En eftir því sem veður og vindur hafa sorið úr hliðum hólsins hafa komið í ljós grjóthleðslur úr gömlum byggingum, og einnig eitthvað úr málmum, mjög tært, einna helst eir, brunninn viðarkol eða eitthvað í þá áttina.“

Í skýrslunni segir einnig með vísan til heimilda: „Sjóbúðir voru í hólnum. Síðasta búðin þar var notuð fram yfir 1890. Sér enn fyrir rústum þriggja búða ...“

Jafnframt segir í skýrslunni: „Lofstaðahóll ris hátt og sést víða að í flötu landslaginu. Hann er gott kennileiti og ljóst að þarna er mikil mannvist undir sverði.“

Af framsögðu m.a. byggir áhugi okkar á að ráðast í fornleifarannsóknir á og við Lofstaðahól.

Vert er að taka fram áður en lengra er haldið, að við eigum ekki né sjáum af þessum rannsóknum nokkurn fjárhagslegan ávinning fyrir okkur, heldur þvert á móti að þessu fylgi frekur umstang vegna mögulegs aukins ágangs ferðmanna - og auðvitað kostnaður af viðbúnaði til að mæta slíku.


Það sem eigendum jarðarinnar gengur til er að sýna minjum tilhýðilega virðingu og leggja lið varðveislu minja um byggð, sögu og menningu liðins tíma – áður en það verður um seinan. Á hinn bóginn er nokkuð ljóst að fornleifarannsóknir og – uppgröfturnar á Lofstaðahólnum mun vekja aukna athygli á Flóahreppi og gera hreppinn að eftirsóknarverðari áfangastað fyrir ferðamenn, bæði íslenska og erlenda.

Við höfum fengið tilboð í fyrsta hluta fornleifarannsóknna á og við Lofstaðahólinn, þ.e. í vinnu við borðjarannsóknir upp á rúmar 2,4 milljónir króna, sem er kostnaður vegna vinnu tveggja fornleifaræðinga í 72 + 62 tíma (úrvinnsla og skýrsluskrið).

Gert er ráð fyrir að um 40 borðjarnar verði teknir með skipulögðum hætti, víðast með 5 metra millibili. Borðjarn verði valdar þar sem tóftir eða meintar tóftir og þúfnahlaup eru fyrir til að reyna að komast að því hvort þústir séu manngerðar. Allar sjáanlegar minjar í hólnum verða enn fremur mældar upp og líkón gerð, byggð á dróna-myndatöku. Eftir að vettvangsvinnu ljúki verði gerð skýrsla þar sem niðurstöður rannsóknarinnar verði dregnar saman og lögð fram rannsóknaráætlun varðandi mögulegt framhald fornleifarannsóknna.

Með þessu bréfi óskum við hér með eftir samstarfi við sveitarstjórn um þetta verkefni og þátttöku sveitarfélagsins í kostnaði vegna þess, – sem nemi allt að helmingi.

Með bestu kveðjum og óskum,


Jónína Bjartmar f.h. eigenda Lofstaða-Vestri